

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ara Jósefssonar skálds, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1966.**  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ara Jósefssonar skálds.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ara Jósefssonar skálds. Ari var fæddur á Blönduósi 28. ágúst 1939. Hann druknaði 18. júní 1964.

### 2. gr.

Stofnendur eru ýmsir vinar Ara. Stofnfé er kr. 100 000.00. Sjóðinn má auka með gjöfum eða öðrum hætti. Sjóðinn skal ávaxta í opinberri lánastofnun eða verðbréfum tryggðum með 1. veðrétti í fasteignum eða með ríkisábyrgð, þar sem stjórn hans telur best henta.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun ungum skáldum eða öðrum listamönnum. Skulu verðlaunahafar vera innan 30 ára aldurs.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Einn tilnefndur af ættingjum og venzlamönnum Ara, annar af Rithöfundafélagi Íslands, þriðji af ritstjórum og blaðamönnum dagblaðsins „Þjóðviljinn“, fjórði af Samtökum hernámsandstæðinga og fimmti af Mími, félags stúdenta í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands. Hætti eitthvert ofangreindra félaga starfsemi sinni, er stjórn sjóðsins heimilt að leita til annarra aðila um tilnefningu.

### 5. gr.

Höfuðstól má ekki skerða, en heimilt er, en þó ekki skylt, að verja allt að öllum vöxtum sjóðsins til úthlutunar. Stjórn sjóðsins skal úthluta úr honum annað hvert ár á afmælisdegi Ara, 28. ágúst.

### 6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðast af löggiltum endurskoðanda.

### 7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með einróma samþykkt sjóðsstjórnar.

### 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.